

Ed.

73. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd rikissjóðs, er heimilt að ábyrgjast fyrir eitt ár í senn rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur hjá einni eða fleiri lánsstofnunum, allt að 100000 sterlingspundum, eða tilsvarendi fjárhæð í annari mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða því frumvarpi, er fjármálaráðherra flutti á Alþingi í fyrra og samþykkt var þar með þeirri einni breytingu, að ábyrgðarheimildin var aðeins veitt til eins árs, en ekki til eins árs í senn, eins og í frumvarpinu stóð.

Ástæðan fyrir ábyrgðarheimild þessari er sú sama og í fyrra: Þörf á rekstrarfé handa sjávarútveginum.

Bankinn telur hentugra, að í lögunum sjálfum felist heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast árlega rekstrarlán handa bankanum, heldur en að leita þurfi til þingsins um löggjöf í hvert sinn. Enda þarf jafnaðarlega að byrja að nota lánsféð á öndverðri vertíð, áður en þing kemur saman.